

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

Innrimel 3, 301 Akranes

kt. 550399-2299

Símar: 431-2740 431-2750

Hvalfjarðarsveit, 8. nóvember 2013.

Umhverfisstofnun
Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
netf: gbi@umhverfisstofnun.is

Heilbrigðisnefnd Vesturlands (HeV) hefur borist bréf Umhverfisstofnunar (Ust), dags. 01.10.2013, þar sem óskað er eftir umsögn vegna tillögu að starfsleyfi fyrir Sorpurðun Vesturlands hf. í Fíflholtum, Borgarbyggð. Með bréfinu fylgdu eftirfarandi gögn:


1. Tillaga að starfsleyfi, ódagsett
2. Bréf Sorpurðunar Vesturlands án fylgigagna til Ust um endurnýjun starfsleyfis, dags. 23.12.2012
3. Bréf Sorpurðunar Vesturlands án fylgigagna til Ust um endurnýjun starfsleyfis, lokun á eldra urðunarsvæði og opnun nýrrar urðunarreinara, dags. 28.05.2013.
4. Bréf Sorpurðunar Vesturlands án fylgigagna til Ust um endurnýjun starfsleyfis, viðbót við fyrirliggjandi umsókn, dags. 20.07.2013.
5. Bréf Sorpurðunar Vesturlands til Ust um endurnýjun starfsleyfis ásamt minnisblaði Eflu (16.07.2013), athugasemdir við starfsleyfistillögu, dags. 06.08.2013.
6. Álit Skipulagsstofnunar, dags. 30.01.2013, um breytingu á sorpurðunarstað Fíflholtum Mýrum, Borgarbyggð.

HeV hefur farið yfir ofangreind gögn og telur að starfsleyfistillagan sé mjög ítarleg og þar séu settar fram kröfur sem ekki hafa sést áður í sambærilegu starfsleyfum s.s. vegna innra eftirlits og eftirlitsmælinga. HeV gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þessi atriði enda sé lagagrundvöllur fyrir slíkum skilyrðum.

Það sem vekur kannski meiri athygli við lestar starfsleyfistillögu og gagna sem lögð eru fram til skýringa við gerð tillögunnar er að ekki er tekin afstaða til þess hvort fallist sé á lokun eldri reina urðunarstaðarins (rein 1-3). Þetta getur skipt miklu máli þegar litið er til gr. 3.4. í starfsleyfistillögu þar sem segir starfrækja skuli kerfi til að safna hauggasi sem myndast hefur við rotnun lífvera.

HeV telur að gera þurfi betur grein fyrir því í fyrirliggjandi starfsleyfistillögu hvort hún gildi fyrir allt urðunarsvæðið eða urðunarrein 4 og nýja urðunarrein sem sótt er um sbr. bréf Sorpurðunar Vesturlands til Ust, dags. 28. maí 2013.

Virðingarfyllst,


framkv. stj. heilbrigðiseftirlits